

5. fundur atvinnumálanefndar, kjörtímabilið 2014 - 2018, haldinn þann 23. september 2015, kl. 20:00, á skrifstofu Skaftárhrepps.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Þuríður Benediktsdóttir (varaformaður) og Sveinn Hreiðar Jensson. Auður Eypórsdóttir boðaði forföll en í hennar stað mætti Linda Harðardóttir.

Þuríður Benediktsdóttir ritar fundargerð.

Dagskrá:

1) Fjárhagsáætlun og stefnumótun fyrir árið 2016

Farið yfir málaflokka áætlunargerðar atvinnumálanefndar 2016.

Atvinnumálanefnd vill ítreka beiðni um gerð Starfatorgs á rafrænan hátt, til að skapa yfirsýn yfir atvinnumál í hreppnum. Við endurskoðun heimasíðu Skaftárhreppsins – gæti þessi liður heyrt þar undir.

Friður og frumkraftar, Katla jarðvangur, Kirkjubæjarstofa – störf á vegum þessara stofnana skulu varin hér í heimabyggð.

Á áningastöðum í Fjaðrárgljúfri og Eldhrauni þarf að finnast lausn á tekjuhlíð reksturs þessara áningastaða. Gjaldtaka til reksturs er nauðsynleg og skoða má þóknun til landeiganda til að liðka fyrir liðki það fyrir gjaldtökunni. Jafnframt verði komið á fót starfi láglandisvarðar í samstarfi sveitarfélagsins og annara samtaka.

Græni bæklingurinn – fleiri ferðamenn, kalla á meira upplag og þar með meiri prentkostnað. Hvatt til heilsársopnunar upplýsingamiðstöðvar með auknum fjölda ferðamanna og tryggja störf.

Fjallakofar – annarsvegar í fóstri og hinsvegar útleigðir til Útivistar. Ástæða er til að skoða samninga við leigjendur og „fóstra“ fjallakofanna– og samhengið við atvinnuuppbyggingu.

2) Mælikvarðar verkefnisins Skaftárhrepps til framtíðar.

Famlögð gögn Eirnýjar Valsdóttur verkefnastjóra Skaftárhrepps til framtíðar, eru almennt raunhæfir mælikvarðar fyrir árangur af þessu verkefni. Formanni falið að ræða við Eirnýju Vals um þessi gögn. Atvinnumálanefnd ályktar að verkefnastjóri Eirný Vals verði þátttakandi í fundum atvinnumálanefndar.

3) Önnur mál

Ákvörðun tekin um að athuga hjá sveitarstjórn, hvort samgöngumál ættu að vera málaflökkur atvinnumálanefndar.

Atvinnumálanefnd vill ítreka að bókanir og ályktanir nefndarinnar komist til skila á rétta staði hafi sveitarstjórn samþykkt viðeigandi fundargerð.

Málefni Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri rædd og m.a. hvatt til heilsársopnunar upplýsingamiðstöðvar.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Næsti fundur áætlaður fljótlega eftir mánaðarmót sept/okt. Fundi slitið kl. 23:30.

Þorsteinn M. Kristinsson

Puríður Benediktsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Linda Harðardóttir